

„Tilgangur lífsins er að njóta þess.“

Reynir Lyngdal, kvikmyndagerðamaður

BÆKUR
Lögin eru rangsnúin!

Meðan ég lífsanda dreg mun ég hrópa upp í þágu þessa kerfis eins hátt og lungu mín leyfa, þótt það hrökkvi því miður skammt,“ sagði franskri þingmaðurinn og hagfræðingurinn Frédéric Bastiat í Lögnum, sem kom fyrst út í Frakklandi árið 1850. Og það er óhætt að segja að eftir lestur bókarinnar fái maður loft í lungun og langi til að hrópa upp gegn lögum landsins sem standa fyrir óréttlæti sem þau eiga að beinast gegn.

Þó bókin sé orðin 150 ára gömul þá gætu flestir lært margt af



LÖGIN
Höfundur: Frédéric Bastiat
Útgáfufélag Andríkis, 2001, 73 bls.

boðskap hennar. Hún útskýrir hvernig andi laganna hefur snúist upp í andhverfu sína og þjónar fámennum hópi fólks á kostnað hinna. Ritid er tilvalin gjöf fyrir hugsandi fólk því efni þess á fullt erindi til okkar í dag.

Björgvin Guðmundsson

Hafnarborg:

Air Condition

MYNDLIST Sýningin Air condition hefur opnað í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Það er sýning á verkum fjögurra listamanna, þeirra Catherine Tiraby og Vincents Chhims frá Frakklandi og Íslendinganna Gústavs Geirs Bollasonar og Jóhanns Ludwigs Torfasonar. Þau tengjast innbyrðis í gegnum listnám og eiga hér stefnumót.

Á sýningunni eru málverk, tölvumyndir, teikningar og vídeóinnsetning en listamennirnir eiga það sammerkt að leitast við að vikka út hugtakið málverk. Sýningin stendur til 3. desember og er opin alla daga nema þriðjudaga frá 11.00 til 17.00.



LISTAMENNIRNIR

Catherine Tiraby og Vincent Chhim frá Frakklandi og Gústav Geir Bollason og Jóhann Ludvig Torfason en þau tengjast innbyrðis í gegnum listnám og eiga hér stefnumót.

ber og er opin alla daga nema þriðjudaga frá 11.00 til 17.00. ■

MÁNUDAGURINN
19. NÓVEMBER

TÓNLEIKAR

21.00 Veitingastaðurinn **Gaukurinn** fagnar **18 ára afmæli** og því að vera loksins orðin sjálfráða. **Stefán Hilmars** og **Eyjólfur Kristján** (Simon and Garfunkel) spila á afmælistónleikum. Hljómsveitin **Buff** slær botninn í kvöldið. Frjár veitingar í boði.

FYRIRLESTRAR

9.00 **Helgi Páll Helgason** heldur fyrirlestur um verkefni sitt til **meistaraprófs í tölvunarfræði**. Verkefnið heitir **Leit að tölvuveirum með tauganetsreiknum**. Fyrirlesturinn verður fluttur í stofu 156 í VR2 við Hjarðarhaga 2-6 og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

12.30 **Polly Apfelbaum** flytur fyrirlestur í **Listaháskóla Íslands**, Laugavegi 91, stofu 024 og nefnist hann **From wallflower to power-puffs**. Polly Apfelbaum tilheyrir hópi listamanna sem hafa endurskilgreint málverkid á síðasta tug 20. aldar. Hún er þekkt fyrir notkun sína á gólfinu sem „rými fyrir málverk“ og „hefur hresst upp á abstraksjónina með bæði margræðu femínísku innihaldi og óheftri efnislegri fegurð“.

SÝNINGAR

Þrjár fyrrum **skólasystur** minnast skóladaga sinna í **Myndlista- og handíðaskóla Íslands** 1964-1966 með sýningu, **“Those were the Days”**, í **Listhúsi Ófeigs** að Skólavörðustíg 5, Reykjavík. Sýnd eru grafíkverk, glerlist og skart. Sýn-


Leiðin að miðju jarðar

Fremstu glerlistamenn Tékka sýna á Kjarvalsstöðum. Sýningin kemur hingað frá Tékklendi en þar stendur glerlist einna hæst í dag.

GLERLIST Leiðin að miðju jarðar er heiti sýningar fremstu glerlistamanna Tékklands. Hún opnaði á Kjarvalsstöðum í gær og þar gefur að líta verk Stanislavs Libenskýs og Jaroslava Brychtovás sem eru heimsþekktir glerlistamenn eftir áratuga starf við glerlistina. Einnig eiga verk á sýningunni meðlimir Rúbíkon-hópsins, þeir Bohumil Eliás, Jaroslavs Matous, Jan Exnars og Jaromír Rybáks sem hafa haslað sér völl meðal bestu glerlistamanna álfunnar. Sýningarstjóri er Ivo Ken, grafískur hönnuður, safnvörður og hugmyndafræðingur Rúbíkon-hópsins.

Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að glerlist standi einna hæst í heiminum í Tékklendi. Búast má við því að Íslendingar taki sýningunni fagnandi, tuttugu þúsund gestir lögðu leið sína á Kjarvalsstaði í fyrra þegar sýning á verkum bandaríska glerlistamannsins Dale Chihuly þegar hún stóð yfir sem sýnir mikinn áhuga á glerlist hér á landi.

Efnistösk glerlistamannanna sem verk eiga á sýningunni núna





BLÓM
Jaroslav Matous er listamaðurinn á bak við þetta verk.

er mjög ólík og endurspeglar sérstöðu hvers og eins þeirra. Það gefur að líta fjölbreyttan þverskurð af þeim óþrjótandi formgerðum og litadýrð sem glerið hefur upp á að bjóða, ýmist eitt

og sér eða með öðrum efnum. Glerið er leyndardómsfullt efni og möguleikar þess óþrjótandi og sýningin á Kjarvalsstöðum sýnir það svo ekki verður um villst.

Sýningin stendur til 13. janúar og verða leiðsagnir um sýninguna alla sunnudaga kl. 15.00. Á leiðsögninni sunnudaginn 25. nóvember verður táknmálstúlkun einnig til staðar. ■



FISKUR

Form og gerð verkanna eru mjög fjölbreytt. Þetta er eftir Jaromír Rybák.

GLERID ER LEYNDARDÓMSFULLT
Verk eftir Jan Exnar sem sjá má á sýningunni.

ingin stendur til 21. nóvember og er opin á verslunartíma.

Maður, lærðu að skapa sjálfan þig heitir sýning um sögu **Bjargar C. Þorláksson** sem stendur yfir í Þjóðarþókhúðunni. Það er Kvennasögusafnið sem setur sýninguna upp.

MYNDLIST

Í **Hafnarborg**, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar stendur yfir sýning á verkum fjögurra listamanna undir heitinu Air condition. Listamennirnir eru **Catherine Tiraby** og **Vincent Chhim** frá Frakklandi og **Gústav Geir Bollason** og **Jóhann Ludvig Torfason** en þau tengjast innbyrðis í gegnum listnám og eiga hér stefnumót. Á sýningunni eru málverk, tölvumyndir, teikningar og vídeóinnsetning en listamennirnir eiga það sammerkt að leitast við að vikka út hugtakið málverk. Sýningin stendur til 3. desember og er opin alla daga nema þriðjudaga 11.00 - 17.00.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir sýnir málverk í Hár og sýningahúsinu **UNIQUE**, Laugavegi 168, (Bráutarholtsmegin). Á sýningunni eru bæði stærri og minni verk. Myndirnar eru mestmegnis tengdar fólki og mannlífi en einnig málar hún landslagsmyndir. Sýningin er sölusýning og stendur fram í desember. Opnunartími sýningarinnar er frá kl.10:00 - 18:00 alla virka daga, en 10:00 - 14:00 laugardaga.

Bókmenntakvöld í byrjun vikunnar:
Skáldkonur lesa úr verkum

UPPLESTUR Í kvöld verður fyrsta kvöldið af fjórum í Kaffileikhúsinu þar sem skáldkonur lesa úr verkum sínum. Þær sem lesa úr verkum sínum í kvöld eru Anna Kristine Magnúsdóttir sem les úr bók sinni Litróf lífsins, Rákel Pálsdóttir sem les úr bók sinni Flökkusögur, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir les úr bók sinni ævisögu Bjargar Þorlákssdóttur og Þórunn Stefánsdóttir les úr bók sinni Konan í köflótta stólnum. Upplesturinn hefst kl. hálfnú. ■

Andlegi skólinn

Síðustu námskeiðin fyrir áramót

Al-Einingaröndun; hátt Kriya jóga, hraðþjóunar jóga
1x viku í 4 vikur • Hefst þri. 20.11. kl 20

Sálarhugleiðsla - Miðlun;
að fá Sálina í líkamann,
- hitta leiðbeinendur sína
- læra miðlun frá sálarsviði

1x í viku í 8 vikur, hefst mið 21.11. kl 20

Raja jóga hugleiðsla
1x í viku í 6 vikur, hefst fim 22.11. kl 20

Uppl í síma 553-6537
www.vitund.is/andlegiskolinn
andlegiskolinn@vitund.is

Jólakortamyndatökur

Innifalið: Myndataka af börnunum þínum og 40 jólakort.
Verð kr. 8.000.-

Ljósmyndastofan Mynd sími 565 4207
Ljósmyndastofa Kópavogs sími 554 3020

Gefur frá sér hlyja strauma

Frá ljósi til ljóss segir af Rósu sem missti móður sína við fæðingu. Rósa elst upp við umhyggju föður síns til tíu ára aldurs en þá fer hann á brott og skilur hana eftir í umsjá vana sinna. Öll elskuðu þau móðurina Magðalenu og stúlkan lifir í takt við þá ást. Rósa veltir gjarnan fyrir sér hvernig Magðalena hefði tekið á hlutunum og hagar lífi sínu í samræmi við það.

Í þessari bók Vigdísar er nýr tónn sem lesendur hennar hafa ekki áður kynnst. Hún er ólík öðrum bókum Vigsdíar en ef eitthvað er þá kemur Kaldaljóss upp í hugann. En fyrst og síðast er þessi saga falleg og full af táknum. Á milli lína má mikið lesa og í reynd er falíð þar meira en sagt er. Eins og Vigdísar er vandi þá gefur hún ábendingar um það sem koma skal en er fjarri því að vera fyrirséð.

FRÁ LJÓSI TIL LJÓSS
Höfundur: Vigdís Grímsdóttir
Íðunn, 2001, 196 blaðsíður.

Endirinn kemur á óvart og ekki er laust við að mér hafi brugðið. Frá ljósi til ljóss er saga um kærlleika og ást og í látleysi sínu segir hún fallega sögu en þegar upp er staðið er ekki allt sem sýnist. Kann að vera að lygin leynist þar sem sist skyldi?

Lesandinn finnur eitthvað gott tífa í hjartanum við lesturinn og í einfaldleika sínum gefur þessi bók frá sér hlyja strauma; strauma sem leiða til einhvers góðs.

Bergljót Davíðsdóttir.